

***Bókun vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga.***

**Sveitarfélagið Árborg** samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 100.000.000 kr., í samræmi við skilmála láns til ársins 2034 eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnassýslu. Lánið er tekið í tvennu lagi, 30 millj.kr. á árinu 2020 og 70 millj.kr. á árinu 2021.

**Sveitarfélagið Árborg** veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýjum stigabíl til slökkvistarfa sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

**Sveitarfélagið Árborg** skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnassýslu til að breyta ekki ákvæði samþykta Brunavarna Árnassýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að **Sveitarfélagið Árborg** selji eignarhlut í Brunavörnum Árnassýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur **Sveitarfélagið Árborg** sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er **Gísla Halldóri Halldórssyni** kt. **151066-5779** veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. **Sveitarfélagsins Árborgar** veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.